

Nd. **1339. Frumvarp til laga** [457. mál]
um Framkvæmdasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. júní.)

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðis-sjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum þeirra.

5. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs eru:

1. Eignir Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, sbr. 4. gr. laga þessara.
2. Tekjur af starfsemi samkvæmt 2. gr. laga þessara.
3. Fjármagnstekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði og skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi Framkvæmdasjóðs.

9. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

10. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdasjóðs. Forsætisráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði endurskoðenda. Ársreikninga sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Framkvæmdasjóðs og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.